

Ed.

265. Frumvarp til laga

[146. mál]

um bústofnslánasjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

- a. 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
- b. 60 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 4. gr., lán til að kaupa bústofn eða búvélar.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

- a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
- b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að álitum sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
- c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
- d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
- e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;

4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.
Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærrí en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærrí afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjaldddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

9. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður af landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

10. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþeginn stimpilgjaldi.

11. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslu lána, innheimtur á þeim sem og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

12. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

14. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Á tveim undanförunum þingum hafa framsóknarmenn flutt frumvarp um stofnun sérstaks bústofnslánasjóðs, er ætlað hefur verið það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofnsaukningar og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á heilbrigðan grundvöll. Frumvörp þessi hafa í bæði skiptin verið svæfð í nefnd.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gengur í svipaða átt og hin fyrri frumvörp. Þar sem síðasta Alþingi afgreiddi sérstök lög um lausaskuldalán bænda og sú löggjöf er nú komin til framkvæmda, er þó hér eigi gert ráð fyrir, að bústofnslánasjóður veiti lán til greiðslu lausaskulda. Samkvæmt hinum fyrri frumvörpum var í undantekningartilfellum gert ráð fyrir styrk til bústofnsaukningar auk hagstæðra lána. Hér er hins vegar aðeins gert ráð fyrir lánveitingum úr bústofnslánasjóði.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lánasjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán til bústofns- og vélakaupa. Vextir af lánunum þessum skulu eigi vera hærrí en 5%. Heimilt er að veita bústofnslán gegn öðrum tryggingum en þeim, sem nú er krafizt, þegar um er að ræða stofnlán til landbúnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir tiltölulega suttum lánstíma.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 100 millj kr., þar af 40 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna kjörnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Til rökstuðnings þessu frumvarpi má að mestu vísa til þeirra greinargerða, sem fylgt hafa fyrri frumvörpum um sama efni. Til viðbótar skal þó þetta fram tekið:

Það er mikil og augljós þörf á sérstökum lánunum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Sú þörf er auðvitað sérstaklega brýn hjá frumbýlingum. En mörgum eldri bændum er einnig bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margvíslegu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum, en með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt skapazt skilyrði fyrir að framfleyta stærra búi á hverri jörð. Um búvélnar er svipaða sögu að segja. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum verulegum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, má heita vonlaus. Auknar jarðræktarframkvæmdir kalla á aukna vélanotkun, og séu búin stækkuð, er margvísleg vélanotkun óhjákvæmileg, sérstaklega þegar um einyrkja er að ræða.

En bústofn og búvélar kosta mikið fé. Frumbýlingar og efnalitlir bændur hafa alls ekki það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á bústofni eða hæfilegum búvélum, allra sízt eftir þá stórkostlegu dýrtiðarkaukningu, sem átt hefur sér stað að undanförunu. Búvélnar hafa t. d. stórhækkað í verði beinlínis vegna efnahagsaðgerða þess opinbera. Erfiðleikar frumbýlinga eru að sjálfsögðu sérstaklega augljósir. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur einmitt stórukizt á undanförunum þrem til fjórum árum, m. a. vegna gífurlegra verðhækkana og vaxtaokurs. Þeir munu því vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni.

Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum mikil lyftistöng, ef þeir ættu kost á föstum og hagstæðum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Slík frumbýlingslán gætu ófað stuðlað að því að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit. En slíkra lána hefur ekki verið kostur til þessa. Verði þetta frumvarp að lögum, verður mikil og nauðsynleg breyting í þeim efnunum.

Í lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, er að vísu heimild til lánveitinga til bústofnsaukningar og búvéla-kaupa, en slík heimildarákvæði eru auðvitað litilsverði, séu þau ekki notuð. Það má með sönnu segja, að ekki sé enn full reynd komin á um beitingu þessara laga, þar sem svo skammt er umliðið, frá því að þau voru sett. Þess er þó að gæta, að lögin eru að stofni til eldri, þar sem þau byggja á eldri lögum, þ. e. a. s. á l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, en í þeim lögum var ræktunarsjóði heimilað að veita lán til bústofnsauka. Sú heimild var hins vegar aldrei notuð, sem tæplega var heldur við að búast, þar sem ræktunarsjóðurinn átti jafnan fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Það er hætt við, að framkvæmdin verði að þessu leyti hin sama eftir hinum nýju lögum. Enn sem komið er bendir a. m. k. ekkert til þess, að heimildin til bústofns-lána verði notuð. Hins vegar munu nú hafnar nokkrar lánveitingar úr stofnlána-deildinni til búvélaakaupa, og er það góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En þær lánveitingar eru á engan hátt fullnægjandi, þar sem ekki mun lánað nema 30% af andvirði tiltekinna búvéla. Sérstaklega eru auðvitað slíkar lánveitingar ónógar flestum frumbýlingum. Í mörgum tilfellum er mönnum því nauðsynlegt að fá viðbótarlán. Það er því eftir sem áður full þörf á, að bústofnslánasjóður hafi heimild til að lána til vélakaupa.

Þörfin á sérstökum bústofnslánasjóði, er sinni þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð í frumvarpi þessu, er því sú hin sama og áður, þrátt fyrir hin nýju stofn-lánadeildarlög. Sú þörf er brýn, og má ekki dragast öllu lengur að koma slíkri lánastofnun á fót.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringar við.